

Nd.

670. Frumvarp til laga

[251. mál]

um heimild til handa Kvennaskólanum í Reykjavík til að brautskrá stúdenta.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Heimilt er að veita Kvennaskólanum í Reykjavík rétt til þess að starfrækja menntadeild fyrir stúlkur. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það réttindi til inngöngu í Háskóla Íslands með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

Námskröfur til stúdentsprófs frá Kvennaskólanum skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Um stjórn og starfsháttu menntadeildar Kvennaskólans fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntaskóla á hverjum tíma, eftir því sem við getur átt og nánar verður kveðið á um í reglugerð.

3. gr.

Kostnaður við menntadeild Kvennaskólans greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kvennaskólinn í Reykjavík hefur farið fram á að fá rétt til þess að brautskrá stúdenta, svo sem fram kemur í athugasemdum við 4. gr. frumvarps til laga um menntaskóla, er fyrir þinginu liggur, og fylgiskjölum frumvarpsins VI a—b.

Nefndinni er ljóst, að hægt er að túlka 5. gr. menntaskólafrumvarpsins svo, að samkvæmt henni geti ráðherra veitt Kvennaskólanum umbeðin réttindi, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. Nefndin telur þó réttara, að um slíka heimild verði fjallað í sérstöku frumvarpi, og vill í þessu sambandi minna á, að auk menntaskólanna hafa tveir skólar heimild til að brautskrá stúdenta, þ. e. Kennaraskólinn og Verzlunarskólinn, en um þá er ekki fjallað í menntaskólafrumvarpinu.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk menntamálaráðherra, en einstakir nefndarmenn hafa ekki tekið afstöðu til frumvarpsins. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.